

K L I P P

2. töl 2013





FÉLAG HÁRSNYRTISVEINA
STÓRHÖFÐA 25
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 5880806
FAX: 5759809

NETFANG: fhs@klipp.is
HEIMASÍÐA: www.klipp.is

Skrifstofan er opin:
Mánudaga- fimmtudaga 9 - 15
Föstudaga 9 - 13
Símatími frá 9-13

Ábyrgðarmaður
Lilja sæmundsdóttir

Umbrot
Bogi Auðarson

Ljósmyndir á bls. 11
Fjóla Hauksdóttir

Ljósmyndir á bls. 14
Ingrid Karis

Forsíðumyndir:
Ragnheiður Kristinsdóttir
Worldskills 2013
Heimsmeistaramót
iðn og verkgreina
Leipzig Þýskalandi

Efnisyfirlit

Nemaleyfisnefnd.....	4
Dagbók-Sveinspróf-Ævintýri í Evrópu.....	5
Gildi lífeyrissjóður.....	6
Grænn hársnyrtir.....	7-10
Símenntun í iðnaði.....	11
Útskriftir á árinu.....	12-13
Útskriftarsýning hjá Hársnyrtiskólanum.....	14
Íslandsmót iðn og verkgreina.....	15

Desemberuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er kr. 52.100 árið 2013.

Fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Uppbótin greiðist eigi síðar en 15. desember ár hvert, miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember. Heimilt er með samkomulagi við starfsmann að uppgjörstímabil sé frá 1. desember til 30. nóvember ár hvert í stað almanaksárs.

Desemberuppbót innifelur orlof, er föst tala og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum. Áunna desemberuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótarinnar.

Iðnnemar á námssamning:

Réttur til greiðslu desemberuppbótar skal vera í réttu hlutfalli við starfstíma hjá fyrirtæki. Fullt starf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur (1800 dagvinnustundir) eða meira fyrir utan orlof. Hjá iðnnemum á námssamningi telst námstími í skóla ekki sem unninn tími. Desemberuppbót innifelur orlof, er föst tala og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum.

Styrkir til vinnustaðanáms eða starfsþjálfunar

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrk úr Vinnustaðanámssjóði. Umsóknarfrestur verður næst auglýstur í desember 2013. Nánari upplýsingar um Vinnustaðanámssjóðinn, leiðbeiningar og rafræn umsókn <http://www.rannis.is/menntun-og-menning/vinnustadanamssjodur/>





Hagstæð húsnæðislán til sjóðfélaga

Nýjar lánareglur taka Gildi 1. desember 2013

Sjóðfélagalán Gildis-lífeyrissjóðs eru með hagstæðustu húsnæðislánum sem bjóðast í dag

- Verðtryggð lán til allt að 40 ára
- Hægt er að velja um 3,1% breytilega vexti eða 3,8% fasta vexti
- Ekkert hámarkslán, lánað fyrir allt að 75% af verðmæti fasteignar
- Lántökugjald 0,5%
- Uppgreiðanleg hvenær sem er, ekkert uppgreiðslugjald
- Hægt að velja á milli jafnra afborgana og jafngreiðslulána

Kynntu þér sjóðfélagalánin hjá Gildi-lífeyrissjóði á www.gildi.is
eða með því að hafa samband við sjóðinn í síma 515 4700.



LEGGÐU ÞITT AÐ MÖRKUM

– með því að taka nema á samning í hársnyrtiiðn miðlar þú handverkinu og þekkingunni þinni áfram!

Nemaleyfisnefnd í hársnyrtiiðn hefur sett upp lágmarkskröfur sem hársnyrtistofur/meistari þurfa að uppfylla til þess að fá nemaleyfi. Nemaleyfisnefnd í hársnyrtiiðn mun yfirfara umsóknirnar og síðan fær fyrirtækið að uppfylltum skilyrðum leyfi til þes að hafa nemendur á námssamningi í hársnyrtiiðn. Nemaleyfi er útgefið til 5 ára í senn.

Hársnyrtistofur sem vilja gera námssamning við nema í greininni þurfa að senda umsókn um nemaleyfi til IÐUNNAR fræðsluseturs á heimasíðunni www.idan.is > námssamningar

Umsókn um nemaleyfi þarf að fylgja :

- Útfyllt umsókn – stofa þarf að geta sinnt kennslu þeirra verkþátta sem koma fram á umsóknarforminu
- Afrit af meistarabréfi
- Lífeyrissjóðsyfirlit sem staðfestir fullnægjandi starfshlutfall hársnyrtimeistara og sveina
- Starfsleyfi frá Heilbrigðis- og Vinnueftirlitinu

ATH námssamning á að gera við nema í síðast lagi einum mánuði eftir að neminn hefur störf á stofunni.

„Fyrstu þrír mánuðir námstíma samkvæmt námssamningi skoðast sem reynslutími. Hvenær sem er á reynslutímanum getur hvor samningsaðili um sig slitið námssamningi án þess að tilgreina ástæður.“
Reglugerð um námssamninga og starfsþjálfun nr. 280 frá 17. apríl 1997.

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR Á NIOXIN VÖRULÍNUNNI.

SPENNANDI TÍMAR FRAMUNDAN.



NIOXIN®

Nioxin sækir áhrif sín í húðvörur. Háþróaðar meðferðir sem hver og ein inniheldur sérsniðna samsetningu virkra efna sem valin eru til þess að berjast gegn hárfynningu.

Fáðu nánari upplýsingar hjá sölufulltrúum okkar.



HALLDÓR
JÓNSSON



Dagbækur

Félagsmenn sem vilja fá dagbók frá félaginu geta sent tölvupóst á netfangið fhs@klipp.is með upplýsingar um nafn, heimilsfang, póstnúmer og bæjarfélag og þú færð senda bók.



Næsta Sveinspróf

Sveinspróf í hársnyrtiiðn eru haldin tvisvar á ári ef næg þátttaka fæst. Á næsta ári, 2014 verða breytingar og verða prófin haldin í febrúar og september. Skriflegt próf og undirbúningsfundur verður 3. febrúar. Verklegt próf verður í Tækniskólanum dagana 15. og 16. febrúar og í Iðnskólanum í Hafnarfirði 22. og 23. febrúar. Prófsýning verður 25. febrúar. Umsóknarfrestur er til 1. desember 2013.



Nemar ATH - Ævintýri í Evrópu

Taktu hluta af náminu erlendis! Iðnnemar við íslenska skóla geta tekið hluta af starfsnámi sínu hjá erlendu fyrirtæki. Reynslan er metin til styttingar á námstímanum. Mannaskiptaverkefni veita fólki tækifæri til að afla sér reynslu og þekkingar innan síns fagsviðs í öðrum Evrópulöndum. Um er að ræða heimsókn eða dvöl til lengri eða skemmri tíma þar sem markmiðið er að efla hæfni. Hámarksdvöl: 8 vikur. Lágmarksdvöl 4 vikur. Hægt er að sækja um styrk til vinnustaðanáms á heimasíðu IÐUNNAR – idan.is sem auk þess aðstoðar umsækjendur við undirbúning þátttöku í verkefninu.

Nánari upplýsingar veita Fjóla Hauksdóttir fjola@idan.is og Helen Gray helen@idan.is.



Hvers vegna greiða hársnyrtisveinar í Gildi-lífeyrissjóð?

Hvers vegna greiðum við í lífeyrissjóð? Margir velta þeirri spurningu fyrir sér þegar þeir stíga sín fyrstu spor á vinnumarkaðnum. Einnig velta margir fyrir sér þeirri staðreynd að fólk greiðir í marga mismunandi sjóði á starfsævinni.

Hér á eftir verður leitast við að svara þessum spurningum.

Samkvæmt lögum nr. 129/1997 er öllum launþegum á aldrinum 16 til 70 ára skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar. Atvinnurekendum er sömuleiðis rétt og skylt að halda eftir iðgjaldi af launum launþega og skila því til lífeyrissjóðsins ásamt mótframlagi sínu.

Þar sem Félag hársnyrtisveina er aðildarfélag að Gildi-lífeyrissjóði, ber hársnyrtisveinum að greiða lífeyrisiðgjald sitt til Gildis.

Nauðsynlegt er að fylgjast vel með að iðgjöld skili sér frá launagreiðanda og því mikilvægt að fara vel yfir yfirlit sem send eru tvisvar á ári. Ef yfirlit berst ekki frá sjóðnum getur það þýtt að ekki sé staðið í skilum við sjóðinn. Réttindi geta því glatast ef sjóðnum er ekki gert viðvart um ætluð vanskil og er rík ábyrgð lögð á sjóðfélagann að fylgjast með réttindum sínum. Starfsmenn sjóðsins fylgjast með iðgjaldaskilum en enginn gerir það betur en sjóðfélaginn sjálfur.

Samtrygging

Lífeyrissjóðum ber að tryggja sjóðfélögum sínum ellilífeyri til æviloka í hlutfalli við greidd iðgjöld á starfsævinni. Einnig greiða lífeyrissjóðir örorkulífeyri ef sjóðfélagi missir starfsorku vegna veikinda eða slyss, ásamt maka- og barnalífeyri þegar sjóðfélagi fellur frá.

Hjá Gildi-lífeyrissjóði getur sjóðfélagi hafið töku ellilífeyris við 60 ára aldur ef hann óskar þess. Mánaðarleg fjárhæð lækkar ef sjóðfélagi hefur töku lífeyris fyrir 67 ára aldur en hækkar sé töku frestað til 70 ára.



Séreign

Við starfslok má búast við tekjuskurðingu þar sem lífeyrissjóðir tryggja einungis um 56% af meðaltekjum fólks yfir starfsævina ef miðað er við að greitt sé í lífeyrissjóð í 40 ár. Góð leið til að brúa þetta bil er að greiða í séreignarsjóð. Launþegi greiðir 2% iðgjald af launum og launagreiðandi greiðir 2% mótframlag skv. flestum kjarasamningum. Það getur munað miklu þegar upp er staðið og því fyrir sem fólk byrjar að greiða í séreignarsjóð því meiri er ávinningurinn. Á heimasíðu sjóðsins www.gildi.is má finna reiknivél fyrir séreignarsparnað.

Helstu kostir séreignarsparnaðar eru:

- Meira ráðstöfunarfé á eftirlaunaárum
- Mótframlag launagreiðanda
- Sparnaðurinn erfist
- Skattalegt hagræði þar sem séreignariðgjaldið er ekki skattlagt við innborgun
- Þægilegt sparnaðarform
- Úttekt getur hafist við 60 ára aldur
- Fjármagnstekju- og eignarskattfrjálst

Lífeyrisgáttin


Algennt er að fólk eigi lífeyrisréttindi í fleiri en einum sjóði en ekki hefur hingað til verið auðvelt að hafa yfirsýn yfir öll réttindin á einum stað. Lífeyrisgáttin er ný og greið leið sem opnar sjóðfélögum greiðan aðgang að upplýsingum um öll áunnin lífeyrisréttindi sín í samtryggingarsjóðum.

Sjóðfélagar fá aðgang að Lífeyrisgáttinni á heimasíðum lífeyrissjóðanna og nota þar sömu aðgangsorð og gilda fyrir sjóðfélagavefinn. Sjóðfélagar eru hvattir til að kynna sér réttindi sín í Lífeyrisgáttinni á heimasíðu sjóðsins www.gildi.is.

Allir sjóðfélagar eiga rétt á að sækja um lán hjá Gildi-lífeyrissjóði

Allir sjóðfélagar Gildis-lífeyrissjóðs eiga rétt á að sækja um lán hjá sjóðnum samkvæmt ákveðnum lánareglum. Sjóðfélagalánin hjá Gildi-lífeyrissjóði eru með þeim hagstæðustu sem bjóðast á markaðnum. Um er að ræða verðtryggt lán til allt að 40 ára og er veðsetningarhlutfall allt að 75% af verðmæti fasteignar. Lántökugjald er 0,5% og hægt er að greiða upp lánin hvenær sem er án uppgreiðslugjalds. Boðið er upp á breytilega eða fasta vexti. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu sjóðsins www.gildi.is.

LÍFSFERILLINN



Græn hársnyrting- verndum fagfólk, viðskiptavinum og náttúru

Annað hvert ár er er halda stéttar-félög Norðulanda þing. Mikið er rætt um hvernig megi bæta það sem snýr að hollustu og velferð fagfólks í greininni. Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar og það er óhætt að segja að síðustu 15 ár hefur orðið bylt-ing á Norðurlöndunum hvað varðar vitneskju um innihaldsefni snyrti-vara og forvarnir um hollustu-hætti í hársnyrti faginu. Danir fara þar fremstir í flokki með virtar rannsóknir, vottaðar Grænar stofur og fræðslu innan fagsins. Á Gentofte sjúkrahúsinu í Danmörku er staðsett þekkingasetur fyrir hársnyrta og snyrtifræðinga. Þar eru gerðar rannsóknir sem varða húðvandamál og öndunarfarakvilla hjá hársnyrt-um og snyrtifræðingum ásamt því að barist er fyrir bættum vinnuáðstæðum. Í þessari grein verður stiklað á stóru um það hvernig við, hársnyrtar, getum farið betur með okkur sjálf, viðskiptavinum okkar og umhverfið í leiðinni.

Húðsjúkdómar

Samkvæmt rannsóknum innan Evrópu-sambandsins eru hársnyrtar í mestri hættu gagnvart atvinnutengdum húð-sjúkdómum. Allt að 70% hársnyrta finna á einhverjum tímapunkti fyrir húðvandamálum sem tengjast vinnunni. Tæplega helmingur hársnyrta glíma við húðvandamál tengd vinnunni í lengri tíma, þar er áunnið ofnæmistengt exem algengast. Þetta vandamál á án efa sinn þátt í stuttum starfsaldri hársnyrta. Mörgum þessara tilfella mætti komast hjá með einföldum hætti.

Hársnyrtar eru með blautar hendur stóran hluta vinnudags sem gerir það að verkum að þeir eru mun viðkvæmari en ella fyrir öllu áreiti og ofnæmisvöldum.

Því er mikilvægt að nota ávallt hanska við hárvott, þegar litur er blandaður og borinn í, strípur og permanent sett í hár og áhöld þrífín. Allra bestu hanskar sem völ er á eru púðurlausir Nitril hanskar. Mikilvægt er að fara eftir því að einnota hanskar eru einnota. Það að nota slíka hanska oftast en einu sinni og snúa þeim jafnvel við skapar snertingu við efnin úr hárlitnum. Jafnvel þó svo að búið sé að þvo hanskana vel þá sitja efni eftir sem óæskilegt er að vera í mikilli snertingu við. Um leið er vert að hafa í huga að nota hanska eins lengi og nauðsynlegt er, en eins stutt og hægt er. Það kemur mörgum á óvart að mesta snerting hársnyrta við háralit er þegar hár er klippið og mótað. Því er afar

mikilvægt, vilji maður verjast ofnæmi og exemi, að klippa hár áður en litað er. Í Danmörku hafa allir hársnyrtiskólar tekið þessa reglu upp og þetta er einnig reglan á öllum Grænum stofum. Frönsk rannsókn sem gerð var á 18 hársnyrtum sem þvoðu, lituðu, klipptu, greiddu og þurrkuðu hár á dúkkuhásum 6 sinnum hver, sýndi fram á að mest magn af PPD litarefninu var á höndum hársnyrtanna á þeim tíma sem klippið var og hárið mótað. PPD greindist einnig í þvagi þáttakenda 48 klukkustundum eftir meðferðina. Þess var vandlega gætt að hársnyrtarnir höfðu ekki verið í snertingu við háralit í langan tíma fyrir tilraunina, svo þeir voru hreinir af PPD þegar tilraunin fór fram.



Það eru fleiri hlutir sem skipta máli við forvarnir gegn húðvandamálum. Eftirfarandi listi telur upp efni sem best er að varast að komast í snertingu við:

- Lýsingarefni, Amonium Persulfate
- Litarefni, PPD og toluene-2,5-dianine(eru í flest öllum hárlitum)
- Permanent, Glycerol monothyooglucolate
- Ilmefnin (það eru 26 ilmefni sem eru ofnæmisvaldandi)
- Rotvarnarefni
- Vatn (sjá umfjöllun um hanska)
- Hreinsiefni, Sodium laureth sulphate (finnst í mörgum sjampóum og sápum)
- Nikkel (finnst í hinum ýmsu áhöldum á hársnyrtistofum s.s. Skærum, spennum og fleiru)
- Púðraðir latex hanskar

Ákjósanlegast væri að forðast notkun þessara efna alfarið þó er erfitt að sleppa vatninu alfarið en þar skiptir rétt hanska notkun höfuð máli.

Efnin og afleiðingarnar

Hvort sem valið er að vinna eftir kerfi Grænu stofanna eða ekki er nauðsynlegt að allir hársnyrtar þekki efnin sem eru notuð. Norðmenn hafa til dæmis ströngustu reglugerðir sem þekkjast hvað varðar loftræstingu á vinnustöðum og í Danmörku er mælt til þess að ekki sé litað hár á ungmennum yngri en 16 ára.

Á Norðurlöndunum hefur verið umræða um að setja aldurstakmark hvað hárlitanir varðar í lög. Að auki er stranglega mælt gegn því að hár barnshafandi kvenna sé litað sem og hár kvenna með barn á brjósti. Umræðan er það mikil að í Danmörku tíðkast ekki að þessir hópar liti hár sitt og Danska Umhverfisstofnunin hefur gefið út bækling þess efnis. Á Íslandi virðist umræða um þessa hluti ekki



Grænar hársnyrtistofur hafa bannlista sem inniheldur 10 skaðvænlegustu efnin sem eru algeng í hársnyrtivörum. Væntanlega munu fleiri efni bætast á listann með tímanum og fleiri rannsóknum af því mun fleiri efni eru í hársnyrtivörum sem eru skaðleg bæði okkur og náttúrunni.

- Efni með aminophenol í nafninu, mjög ofnæmisvaldandi
- 1-naphthol, mjög ofnæmisvaldandi
- Formaldehyde og formaldehyd(formalín)leysandi efni, krabbameinsvaldandi, eitrað, mjög ofnæmisvaldandi
- Thioglycolic acid og thioglycolate, ertandi og ofnæmisvaldandi
- 4-amino-2-hydroxytoluene, mjög ofnæmisvaldandi
- 4-amino-3-nitrophenol, mjög ofnæmisvaldandi
- Methylothiazolinone og methylchlorisothiazolinone, ofnæmisvaldandi og getur valdið skemmdum á taugakerfinu.
- Efni með paraben í nafninu, valda hormónatruflunum, ofnæmisvaldandi, sum brotna hægt niður í lífríki sjávar.
- Efni með p-phenylenediamine (PPD) í nafninu, verulega ofnæmisvaldandi, eitruð, veldur staðbundinni ertingu, hefur áhrif á ofnæmiskerfið þegar það blandast oxandi efni(festi).
- Efni með resorcinol í nafninu, ofnæmisvaldandi, veldur hormónatruflunum, slæmt fyrir lífríkið.
- Efni með toluene-2,5-diamine í nafninu, verulega ofnæmisvaldandi, hugsanlega skaðlegt erfðaeefni mannsins, eitrað, heilsuspillandi.

Þá eru lýsingarefni einungis leyfð ef þau eru sett inn í pappír og gæta verður þess að þau snerti ekki hársvörðinn. Lýsingarefnin eru einu litir sem innihalda venjulegan festi og eru leyfð á Grænum hársnyrtistofum.



Þess ber að geta, eins undarlegt og það er, að öll þessi efni eru leyfileg í snyrtivörum. Það reynist hins vegar mjög erfitt að breyta Evrópureglugerðum um snyrtivörur. Til dæmis leyfir Evrópska snyrtivörulöggjöfin PPD sem hámark 4% af innihaldi vöru. Ljósir háralitir innihalda að jafnaði 0,02%-0,39% af PPD, miðlungs tónar 0,14%-0,39% og dökkir tónar 0,74%-2,00%. Það þarf hins vegar ekki nema 0,005% af efninu að vera PPD til að framkalla ofnæmi. Þá tekur reglugerðin einnig mið af viðskiptavininum sem fá lit á nokkurra vikna fresti en ekki fagmanninum sem starfar við litanir á hverjum degi.

Það eru fleiri sjúkdómar og erfiðleikar en ofnæmi og exem efnanotkunin getur valdið. Sem dæmi má nefna:

- bráðaofnæmi, öndunarerfiðleikar
- hárlós
- brjóstakrabbamein, eftir því sem hársnyrtir starfar lengur í greininni aukast líkurnar mikið á að fá brjóstakrabbamein
- Þvagblöðrukrabbamein, tengt efnum í permanenti
- Hvítblæði, tengt háralitum
- Dönsk-spænsk rannsókn sem náði yfir 12 ára tímabil og 45.341 fæðingar drengja sýndi að konur sem starfa sem hársnyrtar, ræstitæknar, í landbúnaði eða á rannsóknarstofum (vinna allar með hormónabreytandi efni) séu tvöfalt líklegri til að eignast sveinbörn með fósturskaða á kynfærum en aðrar konur.



ZENZ LÍFRÆNAR & SVANSMERKTAR HÁRVÖRUR

ZENZ er sóknarfæri fyrir þá sem vilja þjóna örtvaxandi meðvituðum og kröfuhörðum neytendum.

ZENZ hárvörurnar standast kröfur Grön Salons, Norræna vottunarkerfisins og er dásamleg viðbót fyrir vandláta viðskiptavini sem vilja gæði og gott verð.

SVANURINN STENST KRÖFUR NEYTANDANS

Kannanir sýna að Svanurinn hefur mjög sterka markaðsstöðu, Svanurinn er meðal tíu sterkustu vörumerkjanna í Finnlandi. Verðmæti merkisins er talið vera um 85 milljónir evra.

ZENZ STOFUR

Feima Hárstofa Óðinsgötu 7 - Gríma/Topp hár Dverghöfða 27
KRISTA/Quest Laugavegi 178 - Slippurinn hárgreiðslustofa Skólavörðustíg 25

KRISTA ehf heildverslun laugavegi 178, Sími 568-9978

ORGANIC PRODUCTS **ZENZ**

I.C.O.N.

DENMAN

ELUMEN HAIR COLOR

kms
california
express yourself

GOLDWELL
CLOSER TO STYLISTS. CLOSER TO HAIR.

Grænþvottur

Nú þegar umræða um heilsusamlegri og umhverfisvænni vörur er orðin fyrirferðameiri bjóðast sífellt fleiri vörur sem eru markaðssettar sem grænar, umhverfisvænar, lífrænar og þar fram eftir götunum. Hugtakið grænþvottur er skilgreint sem svo að vara, þjónusta eða fyrirtæki er markaðssett grænni, það er að segja umhverfisvænni, en það er í raun og veru.

Sé það vilji fólks að velja heilsusamlegri og umhverfisvænni vörur þarf það að vera á tálum. Eina reglan sem ætti að viðhafa er að treysta engum nema sjálfum sér. Það er sífellt verið að reyna að plata okkur því snyrtivörubransinn snýst jú um peninga. Ætla má að í fæst-um tilfellum séu sölumenn vísvitandi að fara með rangt mál enda koma upplýsingar um vörunar beint frá framleiðendum þeirra.

Flest allar vörur sem eru á markaðinum og eru markaðssettar sem grænar reynast innihalda einhver efnanna á bannlista Grænu stofanna. Því er gott að viðhafa þann sið að kynna sér innihaldslýsingar á öllum vörum sem við hyggjumst kaupa. Best er að byrja neðst á innihaldslýsingu, því það þarf ekki mikið af efninu til að það reynist skaðvænlegt. Að auki er nóg að varan innihaldi aðeins eitt efni af bannlistanum til að hún sé útilokuð af Grænum stofum. Athugið að stundum þarf að leita vel því orðin á bannlistanum geta einnig verið inni í lengra orði. Sem dæmi um grænþvott á nefna að nánast allir litir sem seldir eru í heilsu-búðum á Íslandi innihalda efni á bannlistanum. Oft er búið að bæta orðum eins og Natur, Organic eða Henna við heiti vörunnar eða smella á þær límmiða með laublaði. Góð leið til að komast hjá þessu er að kaupa vörur sem eru vottaðar af þriðja aðila. Sem dæmi um slíkar merkingar má nefna Svansmerkið, lífræna Demeter vottun, merki Evrópu-sambandsins fyrir lífræna ræktun og Evrópublómið. Í dag er enn ekki hægt að fá háraliti með umhverfismerkingum og líklega langt í að það gerist. Hreinustu háralitir sem hægt er að nota eru hreinir Henna litir, þá verður að passa að ekki sé búið að blanda litinn með efnum á borð við PPD. Hægt er að fá Svans-vottaðar hársnyrtivörur svo sem sjampó, hárnæringar og mótunarefni. Hins vegar er ágætt að nota lista Grænu stofanna til hliðsjónar við val á litum og öðrum hársnyrtivörum, sé vilji til þess að velja vörur sem eru eins mann- og umhverfis-



Góð leið til að komast hjá þessu er að kaupa vörur sem eru vottaðar af þriðja aðila. Sem dæmi um slíkar merkingar má nefna Svansmerkið, lífræna Demeter vottun, merki Evrópusambandsins fyrir lífræna ræktun og Evrópublómið.

vænni og völ er á.

Eins og sjá má er margt að varast þegar kemur að efnanotkunn á hársnyrtis-tofum. Það er þó ljóst að með því að nota hanska á réttan máta geta einhverjir komist hjá áunnu ofnæmi og exemi. Með

aukinni umræðu og fræðslu um þessi efni verður vonandi hægt að auðvelda starf margra hársnyrta og lengja um leið starfsaldur fólks sem annars þyrfti jafnvel að hrökklast úr starfi sökum atvinnusjúkdóma.

www.termix.net

atc. ARCTIC TRADING COMPANY



SÍMENNTUN Í IÐNAÐI

Vika símenntunar í iðnaði var haldin á Selfossi og á Akureyri í haust. Boðið var upp á fjölda námskeiða af því tilefni bæði fagtengd námskeið sem og stjórnendanámskeið. Einnig var haldinn kynning á iðn- og verknámi fyrir grunnskólanemendur í Framhaldsskóla Suðurlands á Selfossi og Verkmenntaskólanum á Akureyri. Hárið var að sjálfsögðu með kynningu á greininni og fengu nemendur leiðsögn undir handleiðslu hársnyrtifólks. Þau fengu einning að prufa sig áfram með ýmiss verkefni í hársnyrti-iðn. Einnig var hægt að bregða á leik og skella sér í myndatöku með allskonar hárkollur. Þetta heppnaðist mjög vel og óhætt er að segja að greinin nýtur alltaf mikilla vinsælda! Í tilefni af viku símenntunar var einnig farið í vinnustaðaheimsóknir á Austurlandi og þriðji bekkur í Verkmenntaskól Austurlands heimsóttur. Fjóra



Hauksdóttir verkefnastjóri hjá IÐUNNI fræðslusetri kynnti starfsemi IÐUNNAR og þá sérstaklega þann möguleika að taka hluta af starfsnámi erlendis. Lilja Sæmundsdóttir, formaður Félags hársnyrtisveina og formaður nemaleyfisnefndar kynnti fyrir nemendum ferilbókinna ásamt praktískum upplýsingar um námssamninga. Við þökkum kærlega fyrir góðar móttökur.



IÐAN
fræðslusetur



ÚTSKRIFTIR Á ÁRINU

VOR ÚTSKRIFT

Fyrri útskrift ársins fór fram þann 23. mars síðastliðin. Alls voru 16 hársnyrtisveinar sem útskrifuðust. Meistarafélag hársnyrta og Félag hársnyrtisveina sameinast um að halda útskriftina sem heppnaðist vel og óskum við öllum til hamingju með áfangann. Jóhanna Eyjólfsdóttir og Sara Dögg Svansdóttir fengu verðlaun fyrir glæsilegan árangur á sveinsprófinu. Jóhanna stundaði námið og lauk burtfaraprófi frá Verkmenntaskólanum á Akureyri og meistarinn hennar er Ingibjörg Jóhannesdóttir á Amber. Sara Dögg stundaði námið sitt við Iðnskólann í Hafnarfirði og lauk þaðan burtfaraprófi, meistarinn hennar er Jóhanna María Gunnarsdóttir á Unique hár & spa. Heildverslunin Framesi sem gaf stelpunum verðlaunin og færur við þeim bestu þakkir.



Jóhanna Eyjólfsdóttir og Sara Dögg Svansdóttir





HAUST ÚTSKRIFT

Laugardaginn 19. október útskrifuðust 26. hársnyrtisveinar. Það var ánægjulegt hversu margir mættu og tóku við sveinsbréfinu sínu. Þau Una Rúnarsdóttir og Ívan Méndez fengu verðlaun fyrir góðan árangur á sveinsprófi og það var heildverslunin Krista sem gafa verðlaun af því tilefni ásamt því að gefa öllum nýsveinum smágjöf. Athöfnin var með hefðbundnum hætti, formaður Félags hársnyrtisveina og formaður Meistarfélagsins í hársnyrtiiðn ávörpuðu nýsveinana. Því næst tók sveinprófsnefndin við og óskaði nýsveinum innilega til hamingju með áfangann og óskuðu þeim velfarnaðar í starfi í framtíðinni.

Una Rúnarsdóttir tók burtfarapróf frá Tækniskólanum og meistarinn hennar er Karólína Walderhaug á Klipphúsinu. Ívan Méndes tók burtfarapróf frá Verkmenntaskólanum á Akureyri og meistarinn hans er Helga Hafsteinsdóttir á Medullu.



Útskriftarsýning hjá Hársnyrtiskólanum

Þann 1. nóvember héldu níu tilvonandi útskriftar-
nemar Hársnyrtiskólans í Reykjavík sína árlegu
útskriftarsýningu.

Nemendur 5. annar leggja hart að sér alla önnina
við undirbúning sýningar til að sína afrakstur náms
þeirra. Sýningin var að þessu sinni haldin í húsnæði
Elite fashion academy
og heppnaðist sýning-
in einstaklega vel. Í
ár var það heildsalan
Framesi sem að styrkti
nemendurna um litina.
Heildsölurnar Ison og
Halldór Jónsson sáu svo
um að nemendurnir
hefðu nóg af mótunar-
vörum til þess að nota í
módelin sín en alls voru
hátt í 40 módel á sýning-
unni. Lögðu nemendur
mikið upp úr því að sýningin
myndi höfða til flestra og
var markmiðið að gera
hana sem sölulegasta.



ÍSLANDSMÓT

ÍÐN- OG VERKGREINA

6.- 8. mars í Kórnum í Kópavogi

2014

Dagana 6. – 8. mars 2014 mun Verkið haldagana Íslandsmót iðn- og verkgreina í Kórnum í Kópavogi. Íslandsmót iðn- og verkgreina er viðburður sem haldinn er annað hvert ár en sú nýbreytni verður þetta árið að keppnin mun standa yfir í þrjá daga. Tilgangur keppinnar er meðal annars að kynna og vekja áhuga grunnskólamenda á iðn- og verknámi og þeim fjölmörgu tækifærum sem nám í greinunum hefur upp á að bjóða. Keppendur takast á við krefjandi og raunveruleg verkefni í samkeppni sem reynir á hæfni, skipulagshæfileika og fagmennsku. Á sama tíma fer fram framhaldsskólakynning en all flestir framhaldsskólar landsins munu kynna násmframboð sitt fyrri tilvonandi nemendum. Gestir sem koma, fá tækifæri til að prófa ýmis verkefni undir handleiðslu fagmanna í ýmsum greinum.

Að venju verður keppt í hársnyrtið en hárið vekur alltaf mikla eftirtekt og vinsælt til áhorfunar á meðal gesta. Keppt verður í tveimur hlutum annars vegar verður skólakeppni en þar keppa nemendur sem eru í öðrum bekk og fer fram fimmtudaginn 6. mars. Skólarnir keppa sín á milli um farandbikar sem er fyrir samanlagðan

árangur keppanda. Einstakingskeppnin fer fram 7.-8. mars og keppt verður í bæði dömu og herra greinum. Undanfarin ár þá hefur sigurvegari í einstaklingskeppninni farið á WorldSkills og verið er að skoða þann möguleika að senda fulltrúa á WorldSkills 2015. Auk þess verður haldinn keppni um „flottustu mottuna“ í tilefni af Mottu mars laugardaginn 8. mars.



MOROCCANOIL®



AN INNOVATIVE HAIR CARE LINE—FÆST Á ÖLLUM BETRI HÁRSNYRTISTOFUM

512-7777 | www.moroccanoil.com